



Trjátegundirnar í grenndarskóginum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur kynnist ólíkum trjátegundum og læri að greina þær og staðsetja í grenndarskóginum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Samþætta kennslu í náttúrufræði, lífsleikni, stærðfræði, smíði og íþróttum.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Verkefnum er deilt niður á nemendur og efni tekið til, kort af skóginum ef til er, eða pappír til að draga upp línur af skóginum. Inn á uppdráttinn er hægt færa trjáhópa eða stök tré. Önnur útfærsla er að láta nemendur merkja uppáhaldsstaði inn á kort og greina frá því hvaða trjátegundir eru á því svæði, jafnvel reikna út meðaltalsfjölda trjáa á fermetra.

Þá er hægt að fara í gegnum lauftré, sígræn tré og lággróður í grenndarskóginum.

Tegundafjölbreytni: Birki, aspir, greni, fura o.s.frv. Verkefnið gefur einnig tækifæri til að fjalla nánar um lífríkið í skóginum, dýra- og fuglalíf.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Verkefnið er undirbúið innan dýra, í síðasta lagi samdægurs og farið er. Farið í gegnum efni sem sýnir mismunandi trjátegundir og nemendum skipt upp í hópa sem eiga að finna tilteknar tegundir, staðsetja þær og e.t.v. telja fjölda einstakra tegunda. Ef telja á fjölda trjáa á fermetra þurfa nemendur að vera búnir að fara í gegnum flatarmálsútreikninga.

Bækur um trjátegundir, skriffæri, blöð og merkisþjöld til að skrifa heiti trjátegundanna á og festa við trén.